

fyrirkomulag alls fjelagsins, stjórn þess og rekstur, þegar hið sunnlenzka síldveiðafjelag fjeck hlut í því, þá verður yfirdómurinn að komast að þeirri sömu niðurstöðu og undirdómurinn, að hinum stefnda, O. Wathne, þó hann hafi verið ráðsmaður fjelagsins hjer á landi, eigi verði með dómi gjört að skyldu, að greiða hina kröfðu fjárhæð, gagnvart þeirri ráðstöfun á greiðslu hennar, sem gjörð hefur verið af fjárráðamanni alls fjelagsins í Noregi, eða bera ábyrgð á henni fyrir hönd  $\frac{9}{10}$  hluta Hánefsstaðaútgjörðarinnar, og kemur því eigi til þess hjer að rannsaka, hvort það hefur verið með rjettu, að reikningshaldari alls fjelagsins, Jens Gran & Sön i Bergen, með skuldajöfnuði hafi látið renna til Eggerts Gunnarssonar hluta hins sunnlenzka síldveiðafjelags í ágóða útgjörðarinnar 1882 í stað þess að standa beinlínis skil á honum gegn kvittun af hendi stjórnar hins sunnlenzka síldveiðafjelags sjálfs. Ber því i öllu að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm, en eptir atvikum virðist rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 9. nóvembermán.

Nr. 37/1885.

Valgarður Breiðfjörð

gegn

Júlíusi Schou.

D ó m u r:

Mál þetta er risið af ágreiningi um kaup fyrir

vinnu að húsasmíði, sem áfrýjandinn Valgarður trjasmíður Breiðfjörð, hafði leyst af hendi fyrir hinn stefnda, Júlíus Schou steinhöggvara. Höfðu málspartarnir gjört með sjer samning 21. apríl 1883, þess efnis, að áfrýjandinn skyldi vinna að timbursmíði við hús hins stefnda það, sem þar er upptalið, en hinn stefndi greiða honum í kaup fyrir vinnuna 700 kr., og þar að auki hafði áfrýjandinn unnið ýmislegt fleira að hússmíðum utan samnings. Kaupið fyrir hið umsamda verk átti að greiðast í febrúarmán. f. á., en með því að hinn stefndi ekki galt nema 600 kr. upp í það, og ekkert upp í hina aðra vinnu, sem átti að borgast eptir reikningi, höfðaði áfrýjandinn mál gegn hinum stefnda til lúkningar verkkaupinu, og gekk dómur í því á bæjarþingi Reykjavíkur 16. júlí þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi skyldi greiða áfrýjandanum fyrir samningsvinnuna við hús hins stefnda borgun eptir mati tveggja óvilhallra og byggingarfróðra, dómkvaddra manna, er þó ekki mætti fara fram yfir 700 kr., en að áfrýjandinn ef þessi borgun yrði metin minna en 600 kr., skyldi greiða hinum stefnda mismuninn á hinni metnu borgun og 600 kr.; ennfremur skyldi hinn stefndi borga áfrýjandanum fyrir óumsamda vinnu við umgetið hús 118 kr. 79 a. og 5% vöxtu frá sáttakærudegi af fje því, er honum samkvæmt þessu gjörðist að greiða áfrýjandanum alls. Málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefur Valgarður Breiðfjörð skotið til yfirdómsins og krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum 81 kr. 70 a. til viðbótar

við áður greiddar 600 kr. fyrir samningsvinnu þá, sem hjer um ræðir, ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi unz borgun er greidd og ennfremur allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati yfirdómsins, en að hjeraðsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur.

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hjer- aðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að það verði gjört að skilyrði fyrir skyldu sinni til að greiða meira fyrir hina umsömdu vinnu, en þegar er gjört, að áfrýjandinn láti framfara löglega úttektar- og virðing- argjörð til upplýsingar um, hvað ávanti uppfyllingu samningsins frá hans hlið, og hvað hann (hinn stefndi) þessvegna skuldi honum enn þá. Svo hefur hann og krafizt málskostnaðar fyrir undir- og yfirdómi með 60 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati yfirdóms- ins.

Að því er snertir borgun fyrir hina óumsömdu vinnu, sem áfrýjandinn hefur leyst af hendi við hús hins stefnda, þá er ekki lengur neinn ágreiningur um hana, þar sem hinn stefndi með hjeraðsdómnum er skyldaður til að greiða í því skyni 118 kr. 79 a., og báðir málspartar hafa krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur að því leyti. En ágreiningurinn er um borgunina fyrir hina umsömdu vinnu, og er hann sprottinn af því, að áfrýjandinn innti ekki af hendi alla þá vinnu að hússmiðinu, sem hann hafði tekið að sjer eptir samningnum. Að vísu hefur áfrýjand- inn halðið því fram, að orsökkin til þess, að hann hætti við vinnuna áður en henni var lokið, hafi ver- ið sú, að smiðisefni það, sem hinn stefndi hefði lagt

til, var þrotið, og því hafi hann ekki getað haldið lengur áfram, en þetta atriði hefur áfrýjandanum ekki tekizt að sanna fyllilega gegn neitun hins stefnda, Hins vegar hafa tveir byggingarfróðir menn skoðað og álitíð það, sem eptir var ólokið af hinni umsömdu vinnu, og hafa þeir í álitsgjörð sinni ýtarlega gjört grein fyrir því og metið vinnulaunin við það 18 kr. 30 a., sem áfrýjandinn býðst til að draga frá eptirstöðvunum af hinu umsamda kaupí, svo að þær færist niður í 81 kr. 70 a. Hinn stefndi heldur því aptur á móti fram, að samningurinn milli málspartanna um húsmíðið sje fallinn úr gildi fyrir þá sök, að áfrýjandinn hafi ekki fullnægt honum að sínu leyti, eða þá að minnsta kosti, að áfrýjandanum beri að sanna með löglegri úttektar- og virðingargjörð, hvað vanti á fullnustugjörð samningsins á hans hlið, og hvað mikið fyrir þá sök eigi að dragast frá eptirstöðvum hins umsamda verkkaups. Að áfrýjandinn hafi rofið samninginn að sínu leyti svo, að hann sje fallinn úr gildi, getur yfirdómurinn ekki álitíð, þar sem áfrýjandinn hefur fullnægt honum að mestu leyti, og hinn stefndi einnig sjálfur hefur látið það ásannast með því að borga áfrýjandanum mestan hluta verkkaupsins, og þar sem hinn stefndi til vara vill láta áfrýjandann sanna með virðingargjörð, hvað sje ógjört af hinni umsömdu vinnu, þá hefur það, eins og áður segir, þegar verið metið af tveim byggingarfróðum mönnum, og eptir því sem áfrýjandinn skýrir frá, var það samkomulag milli málspartanna, að þeir skyldi kjósa sinn þessara manna hvor. Að vísu hefur hinn stefndi neitað því, að hann hafi kosið annan matsmanninn eða skuldbundið sig til að hlíta gjörð

þeirra, en með því að áfrýjandinn hefur lagt fram skriflegt vottorð frá öðrum matsmanninum um, að hinn stefndi hafi beðið hann að vera matsmann fyrir sína hönd á því, sem ógjört var af samningsvinnu áfrýjandans við hús hins stefnda, sem kemur heim við það, sem hinn matsmaðurinn hefur skýrt frá, en þessu vottorði ekki er mótmælt af hálfu hins stefnda, þá verður neitun hans um þetta atriði ekki tekin til greina, enda var hinn stefndi viðstaddur matsgjörðina og benti á það, sem honum þótti á vanta. Í annan stað verður yfirdómurinn að líta svo á, að úr því að málspörtunum kom saman um að kjósa sinn manninn hvor til þess að meta það, sem eptir stæði af samningsvinnu áfrýjandans, þá hafi það verið þegjandi samkomulag þeirra á milli, að matsgjörð þessara manna skyldi hafa máli að skipta með þeim, að minnsta kosti yrði hinn stefndi, sem ekki vill hlíta matinu, þá að sýna fram á, að hverju leyti það væri rangt, en það hefur hann ekki einusinni leitast við að gjöra, heldur aðeins drepit á, að hann áliti, að hið vantandi sje fleira, en í skoðunargjörðinni sje talið, en án þess að tilgreina, hvað það sje.

Yfirdómurinn verður því að álíta, að matsgjörð sú á kostnaðinum við að fullgjöra hið ávantandi til að fullnægja samningnum af hálfu áfrýjandans, sem lögð er fram í málinu, sje nægileg sönnun um það atriði, og að hinn stefndi því ekki geti fyrir þær sakir krafizt meiri niðurfærzlu á eptirstöðvum verkkaupsins en um 18 kr. 30 a., þannig að eptirstöðvar þessar yerði 81 kr. 70 a.

Samkvæmt þessu ber að dæma hinn stefnda til að

greiða áfrýjandanum sem borgun fyrir óumsamda vinnu við hús hins stefnda 118 kr. 79 a. og sem eptirstöðvar af umsömdu verkkaupi 81 kr. 70 a. eða samtals 200 kr. 49 a. með 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum frá sáttakærudegi þangaðtil borgun skeður. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Dví dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, Júlíus steinhöggvari Schou, á að greiða áfrýjandanum, Valgarði trjesmið Breiðfjörð, 200 kr. 49 a. með 5<sup>0</sup>/<sub>0</sub> vöxtum frá sáttakæradegi unz borgað er. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvbrmán.

Nr. 34/1885.

Franz Ziemsen  
 gegn  
 E. Egilsson.

Dómur:

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 13. ág. þ. á., í skuldamáli milli cand. juris Franz Siemsens og alþingismanns E. Egilsons, var hinn stefndi, Egilsson, sýknaður af kröfum sækjandans, en dæmdur til að greiða 12 krónur í málskostnað og 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir það að hann hafi hafnað milligöngu sáttanefndar í málinu.